

<b>Dags. fundar:</b> 13. janúar 2014	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 37
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Dómaranámskeið.
2. RIG 17. – 19. janúar 2014.
3. Gullmót KR 7. – 9. febrúar 2014.
4. Smáþjóðaleikarnir 2015 (GSSE 2015).
5. Alþjóðlegir dómarar og ræsar.
6. Þýðing á almennum reglum 2013-2017.
7. Trúnaðarmál.
8. Önnur mál.
  - a. Fyrirspurn.
  - b. Nefndarmenn.
  - c. Hugmynd að ferðasjóði.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson.

**Boðuð forföll:** Gunnlaugur Þráinsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Dómaranámskeið var haldið 9. janúar sl. Sjö skráningar bárust og hafa fjórir nemar þegar lokið verklega hluta námskeiðsins. Þrír nemar munu líklega ljúka verklega hlutanum á Gullmóti KR. Ólafur og Björn eru tilbúnir að halda annað dómaranámskeið fimmtudaginn 27. mars í tengslum við Sundmót Ármanns sem verður haldið helgina 28.-30. mars 2014.
2. Búið er að senda út dómgæslubeiðni á RIG og RIG fatlaðra sem verða haldin 17.-19. janúar 2014. Yfirdómarar á RIG verða Haraldur Hreggviðsson og Alfonso Wucherpfennig frá Spáni. Mun Alfonso halda fræðsluerindi og umræður fyrir sunddómara meðan á mótinu stendur.
3. Komin er beiðni frá KR um að DMT-nefnd tilnefni alþjóðlega yfirdómara úr sínum röðum á Gullmót KR. Ólafur Baldursson mun sjá um að hafa samband við þá yfirdómara og ræsa.
4. RIG er áætlað sem æfingamót fyrir Smáþjóðaleikana 2015. Ólafur Baldursson mun f.h. DMT-nefndar halda áfram að vinna að undirbúningi dómgæslu.
5. Þar sem alþjóðlegi listinn #16, sem Gunnlaugur Þráinsson er á sem ræsir og Ólafur Baldursson og Birna Björnsdóttir sem yfirdómarar gildir út árið 2014 leggur DMT-nefnd til að sótt verði um fyrir þau tímanlega á nýjum lista þannig að Íslendingar eigi möguleika á a.m.k. fimm yfirdómurum og þremur ræsum á Smáþjóðaleikunum 2015. Á lista #17 sem gildir út árið 2016 eru Björn Valdimarsson, Haraldur Heggviðsson og Svanhvít Jóhannsdóttir sem yfirdómarar og Sarah Buckley og Jón Kr. Magnússon sem ræsar.

6. Stjórn SSÍ hefur samþykkt þýðingu á sundreglum FINA 2013-2017 og hefur sú þýðing nú þegar verið send til allra sunddómara. DMT-nefnd mun nú klára þýðingu á almennum reglum FINA 2013-2017.
7. Trúnaðarmál.
8. Önnur mál.
  - a. Borist hefur fyrirspurn til DMT-nefndar hvað líður dómarabolum. Er henni hér með komið á framfæri til stjórnar SSÍ.
  - b. Búið er að skipa Hilmar Örn Jónasson frá ÍRB fulltrúa stjórnar í DMT-nefnd. Er hann boðinn velkominn til starfa. Jón Hjaltason hefur í bili sagt sig frá störfum fyrir sundíþróttina. Gerir DMT-nefnd ráð fyrir honum til aftur til starfa.
  - c. Þar sem dómaranámskeið hafa undanfarið verið kennd án endurgjalds kom upp sú hugmynd að þeir peningar sem SSÍ hefði ella greitt yfirdómara/um fyrir dómaranámskeið yrðu lagðir í sjóð sem nýta ætti til ferða fyrir dómara á mót erlendis.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

*Verkefni*

*Ábyrgur*

*Ljúkist fyrir:*

<i>Þýðing á almennum reglum.</i>	SÓG	<i>Sem fyrst.</i>
<i>Smáþjóðaleikar 2015</i>	ÓB	<i>Strax á morgun</i>
<i>Alþjóðlegir yfirdómarar/ræsar á Gullmót KR</i>	ÓB	<i>Sem fyrst.</i>

**Fundi slitið kl: 18.40. Næsti fundur:** mánudaginn 3. febrúar kl. 17.15 í Laugardalslaug.